

Lög þessi verða ekki talin binda hendur útsvarsyfirvalda að þessu leyti.

Með vísan til framanritaðs lítur rétturinn svo á, að það sé háð mati skattyfirvalda, sbr. 4. gr. útsvarslaga, hverjar afskriftir leyfa eigi, áður en útsvar er á lagt.

Útsvar gerðarpola er ákveðið með sama hætti og útsvör annarra hliðstæðra gjaldenda í Hafnarfirði.

Þar sem skattyfirtöld hafa þannig ákveðið útsvar gerðarpola innan réttra valdmarka, og útsvarið verður ekki talið fjarstæðukennt, miðað við það, sem fram er komið um hag félagsins, ber að taka kröfur gerðarbeiðanda til greina og heimila framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1200.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Olíustöðin h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjar-sjóði Hafnarfjarðar, kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 208/1959. **Ákærvaldið** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Ólafi Friðgeiri Ólafssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og prófessor Ármann Snævarr.

Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Vitnið Svanur Hvítaness Halldórsson hefur fyrir dómi 28. þ. m. gefið nánari skýrslu um málsatvik.

Ekki verður talið sannað, að ákærði hafi brotið gegn

ákvæðum 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Með vætti lögreglumannanna Arnþórs Ingólfssonar, Magnúsar Einarssonar, Páls Eiríkssonar og Tryggva Friðlaugssonar, vitnisins Svans H. Halldórssonar og niðurstöðu blóðrannsóknar þeirrar, er getur í héraðsdómi, er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um háttsemi, er varðar við önnur þau ákvæði laga, sem greind eru í ákæruskjali. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og málskostnað. Hins vegar þykir ökuleyfissvipting hans hæfilega ákveðin eitt ár.

Þá ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Friðgeir Ólafsson, er sviptur ökuleyfi eitt ár. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1959.

Ár 1959, laugardaginn 6. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinsyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4732/1959: Ákærvaldið gegn Ólafi Friðgeiri Ólafssyni, sem tekið var til dóms 28. maí s.l.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 6. apríl 1959, höfðað gegn ákærða, Ólafi Friðgeiri Ólafssyni forstjóra, Háteigsvegi 50, hér í bæ, fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 14. febrúar s.l. ekið bifreiðinni R 195 frá Borgartúni 3 og áleiðis heim til sín að Háteigsvegi 50, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekið bifreiðinni upp á götuey á

mótum Skúlagötu og Höfðatúns umrætt sinn og loks fyrir að hafa ekki ökuskírteini sitt meðferðis við nefndan akstur.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr., áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1911 að Seljalandi, Gufudalssveit, Barðastrandarsýslu. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1946 20/12 Rvík. Sátt; 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1947 15/10 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 12/1 Rvík. Sátt; 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18/1901.

1948 23/6 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

— 18/2 Rvík. Sátt; 500 kr. sekt fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25/1947, sbr. lög nr. 70/1947.

1949 20/2 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1951 2/2 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður.

— 26/4 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1953 27/11 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður.

1955 17/3 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglu-samþykktar.

1955 6/7 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglu-samþykktar.

1955 13/10 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Laugardaginn 14. febrúar s.l., klukkan 0500, hringdi leigubifreiðarstjóri nokkur á lögreglustöðina í Reykjavík og tjáði lögreglunni, að hann teldi bifreiðarstjóra R 195 ölvaðan við akstur á Höfðatúni. Er lögreglumenn komu á vettvang, sat bifreiðin þversum á götuey við mót Höfðatúns og Skúlagötu. Báru lögreglumenn fyrir dómi, að ákærði hefði setið við stýri bifreiðarinnar. Hann hafði ekki ökuskírteini meðferðis. Lögreglumönnum láðist að huga að, hvort vél bifreiðarinnar væri heit, en hún var ekki í gangi. Hins vegar báru lögreglumenn, að ljóst hafi verið af hjólförum eftir bifreiðina, að henni hafði nýlega verið ekið upp á nefnda götuey, þar sem talsverð snjókoma hefði verið, en lítið sem ekkert fennt í sporin.

Ákærði var fluttur í slysavarðstofuna, þar sem læknir tók sýnishorn af blóði hans kl. 0510. Að sögn lögreglumanna reyndi

ákærði að leyna réttu nafni sínu og heimilisfangi, er lækknirinn innti hann eftir því.

Loks var ákærði færður á lögreglustöðina, þar sem lögregluvarðstjóri yfirheyrði hann.

Að vætti varðstjórans fyrir dómi sem og annars lögreglumanns, er viðstaddur var yfirheyrsluna, játaði ákærði viðstöðulaust að hafa neytt áfengis að Borgartúni 3 og verið undir áhrifum þess, er hann ók þaðan bifreið sinni R 195, skömmu áður en hann var handtekinn.

Kváðu vitnin ákærða hafa sagzt vera á leið heim til sín að Háteigsvegi 50, en misst vald á bifreiðinni við fyrrnefnd gatnamót.

Aðspurður hafði ákærði neitað neyzlu víns, eftir að akstri lauk. Ákærði var laus látinn að yfirheyrslu lokinni, og lögreglan annaðist um, að kranabifreið losaði bifreið hans úr sjálfheldunni.

Er ákærði kom fyrir dóm, neitaði hann að hafa ekið bifreið sinni með áhrifum áfengis umrætt sinn. Hann kvaðst að vísu hafa ekið bifreiðinni R 195 frá Borgartúni 3 áleiðis heim til sín að Háteigsvegi 50 og sökum hálfu misst vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún festist á götuey á mótum Skúlagötu og Höfðatúns. Hins vegar taldi hann, að liðið hefði um klukkustund, frá því að sú slysi varð og þar til lögreglan kom á vettvang. Á þeim tíma kvaðst ákærði hafa gengið að Borgartúni 3, þar sem hann geymdi keðjur bifreiðarinnar. Hefði hann þá jafnframt drukkið mikið magn af koniaki, vínið svifið mjög fljótt á hann og hann komizt undir áhrif áfengis. Síðan sagðist ákærði hafa gengið aftur að bifreið sinni og verið að smeygja keðjunni ofan á afturhjól hennar, er lögreglu bar að. Ákærði neitaði því og fyrir dómi, að hann hefði viðurkennt við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra akstur bifreiðarinnar R 195 með áhrifum áfengis.

Leigubifreiðarstjóri sá, er tilkynnti lögreglu um akstur ákærða, var kvaddur fyrir dóm. Kvaðst vitni þetta hafa ekið bifreið sinni vestur Laugaveg og sveigt norður Höfðatún, er það veitti athygli bifreiðinni R 195, sem ekið var suður Höfðatún, spólaði í brekkunni á mótum Laugavegar og Höfðatúns, en var síðan ekið aftur á bak að grjóthrógu, er var austanvert við Höfðatún. Sagðist vitnið hafa ekið alveg að bifreiðinni R 195 og séð, að ökumaður hennar var ölvaður. Fór vitnið þá þegar í nærliggjandi hús og hringdi á lögreglustöðina. Síðan fór vitnið aftur á vettvang. Fullyrkti vitnið, að lögreglumenn hefðu komið, örskömmu eftir að vitnið hringdi, eða í mesta lagi um 10 mínútum síðar.

Öll þau vitni, er leidd voru í málinu, báru, að ákærði hefði

verið áberandi ölvaður. Reyndust vera í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 1.93% af alkóhóli.

Þrátt fyrir neitun ákærða verður dómurinn að telja, að vitnaframburðir þeir, sem að framan hafa verið raktir, og niðurstaða blóðrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, veiti nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2., sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hrl., krónur 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Friðgeir Ólafsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hrl., kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 7/1960. **Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakariis**
 gegn
 Agnari Gústafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakariis, er eigi